

Jarðhiti á Draflastöðum

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-80-17

Jarðhiti er á Draflastöðum um 700 m norðan við bæinn. Vatnið kemur undan háum malarhjalla og var, áður en öllu var raskað, um 1,2 l/s, 44°C. Við uppgröft fannst hærri hiti eða um 50°C. Laugar eru á tveimur stöðum uppi í hjallanum, rúmlega 20°C heitar. Aðstæður benda til að heita vatnið komi úr bergi vestur og upp frá laugunum og renni undir malarhjallanum niður undir dalfyllinguna á botni Fnjóskadals. Þar sem um tiltölulega litla notkun yrði að ræða, upphitun á tveimur bæjum, vill jarðhitadeild ekki ráðleggja leit og borun í uppstreymis-sprunguna, heldur er lagt til, að boruð verði grunn hola niður í lausu lögin og þess freistað að ná nægilega heitu vatni úr þeim. Reiknað er með að bora þurfi 40-50 m djúpt. Kostnaður er áætlaður 3-5 Mkr og fer nokkur eftir því hvort nauðsynlegt reynist að steypa eða fóðra efri hluta holunnar.